

Kæra foreldri/forráðamaður

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Virknir nemenda	Líðan og heilsa	Skólastarf og bekkjarandi
<ul style="list-style-type: none">• Ánægja af lestri• Áhugi og ánægja af stærðfræði• Áhugi og ánægja af náttúrufræði• Trú á eigin námsgetu• Trú á eigin vinnubrögð í námi• Þrautseigja í námi	<ul style="list-style-type: none">• Sjálfsálit• Stjórn á eigin lífi• Velliðan• Tíðni eineltis• Tegund eineltis• Staðir eineltis• Hreyfing• Mataræði	<ul style="list-style-type: none">• Samsömun við nemendahópinn• Samband nemenda við kennara• Agi í tímum• Virk þátttaka í tímum• Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af innra mati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörum hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörum.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörum um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á www.visar.is undir *Persónuverndarstefna*.

Visar rannsóknir, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á www.visar.is. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á personuvernd@visar.is.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.